

Nd.

685. Frumvarp til laga

um brunamál.

Frá allsherjarnefnd.

I. Stjórn brunamála.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála hefur það ráðuneyti, sem fer með tryggingamál.

Heimilt er ráðuneytinu að gera kröfur til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, hvernig slökkviliði skuli skipað og hver slökkvitæki skuli vera til.

Ráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum Brunabótafélags Íslands, að skipa sérstakan mann til þess að hafa yfirumsjón með, að lögum þessum sé hlýtt, skal hann og leiðbeina bæjar- og sveitarstjórnnum um allt það, er við kemur verklegum og skipulegum framkvæmdum til brunavarna.

Þóknun til yfirumsjónarmanns brunavarna og annan kostnað við eftirlitið greiðir Brunabótafélag Íslands.

Bæjarstjórnnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í kaupþúnum og sveitum skal skylt að annast og kosta brunamálaeftirlit og brunavarnir, eftir fyrirmælum laga þessara og reglugerða, er settar verða samkvæmt þeim, og hafa eftirlit með, að lögum þessum sé hlýtt.

2. gr.

Í kaupstöðum og kaupþúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, hvort heldur eru sjálfstæð hreppsfélög eða hluti úr hreppsfélagi, skal kjósa brunamálanefnd og skipa slökkvilið, er húið sé þeim slökkvitækjum, sem ákveðið er í brunamálasamþykkt. Þar skal og setja samþykkt um brunavarnir og slökkvilið, er ráðherra staðfestir.

3. gr.

Bæjarstjórn í kaupstöðum, en hreppsnefnd í kaupþúnum kys brunamálanefnd. Í kaupstöðum er heimilt að fela bæjarráði störf brunamálanefndar. Bæjarstjóri eða hreppsnefndaroddviti, ef hann er búsettur innan kaupþúnsins, skal vera formaður nefndarinnar, ella skal hreppsnefnd kjósa formann, er sé búsettur í kaupþúninu. Auk formanns skal nefndin skipuð minnst 2 mönnum, sem kosnir eru til fjögurra ára í senn, og 1—2 mönnum til vara. Um endurkosningu gilda sömu reglur og í öðrum slíkum nefndum. Að minnsta kosti 1 nefndarmanna skal vera byggingarfróður (húsameistari, trésmiður eða múrari). Enn fremur skal eiga sæti í nefndinni lögreglustjóri (hreppestjóri) eða fulltrúi hans. Nefndin kys sér varaformann.

Nefndin skal halda fundi svo oft sem þörf er og jafnan, ef slökkviliðsstjóri eða lögreglustjóri æskir þess. Nefndin er starfhæf, ef meiri hluti hennar er á fundi. Um ákvarðanir ræður afl atkvæða, en ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns. Nefndin skal halda gerðabók. Slökkviliðsstjóri, eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, skal sitja fundi brunamálanefndar. Hann hefur þar tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt, og á rétt á að fá bókað álit sitt í gerðabók nefndarinnar. Í sveitum kemur hreppsnefnd í stað brunamálanefndar.

4. gr.

Bæjarstjórn (hreppsnefnd) skal leita umsagnar brunamálanefndar um öll mál, er snerta brunamál kaupstaðarins (kaupþúnsins). Hún skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra að fengnum tillögum brunamálanefndar og ákveður þeim laun eða þóknun fyrir starf þeirra, er greiðist úr bæjarsjóði (sveitarsjóði).

5. gr.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi undir umsjón bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, eftirlit með brunavörnum og slökkviliði. Hún skal sjá um, að framkvæmd þessara mála sé samkvæmt lögum og reglugerðum og láta sér annt um nauðsynlegar umbætur á þessu sviði.

Í hverjum kaupstað og kaupþúni, er lög þessi ná til, skal setja reglugerð, er ráðherra staðfestir, um skipun slökkviliðs og brunamála.

Brunamálanefnd tilnefnir aðra starfsmenn slökkviliðsins en slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra, eftir tillögum slökkviliðsstjóra og samkvæmt heimild bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um greiðslu þóknunar fyrir starfið. Í reglugerð má ákveða, að fastir starfsmenn skuli ráðnir af bæjarstjórn, eftir tillögum brunamálanefndar.

II. Um slökkvilið.

6. gr.

Slökkviliðsstjórinn, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Hann hefur og umsjón með slökkvitækjum öllum.

7. gr.

Allir verkfærir karlmenn 18—55 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum (kaupúninu), eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Skulu þeir vera skyldir að mæta við slökkvifaðingar allt að 4 sinnum á ári, og auk þess skulu þeir mæta tafarlaust, hvenær sem eldsvoða ber að höndum. Heimilt er í reglugerð að undanþiggja menn 50 ára og eldri, svo og menn, er hafa sérstökum störfum að gegna. Í kaupstöðum, þar sem slökkviliðið er skipað fastráðnum liðsmönnum, má í reglugerð takmarka þegnskyldu þessa eða fella hana niður.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að kveðja svo marga menn til aðstoðar við að slökkva eld sem hann telur þörf fyrir, og getur enginn skorast undan þeirri skyldu. Þeir, sem taka þannig þátt í slökkvistarfi, skulu inna það af hendi endurgjalds-laust, en hafa sama skaðabótarétt á hendur sveitarsjóði sem slökkviliðsmenn.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um, að slökkviliðsfaðingar séu haldnar svo oft á ári sem áskilið er í brunamálareglugerð.

8. gr.

Lögreglustjóri, ef hann býr í kaupstaðnum eða kaupúninu, en ella þar búsettur fulltrúi hans, skal ásamt lögregluliði kaupstaðarins eða kaupúnsins annast löggæzlu við slökkviliðsfaðingar og eldsvoða. Við faðingar og eldsvoða skal lögregluliðið vera undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra.

Lögregluliðið skal í samráði við slökkviliðsstjórn sjá slökkviliðinu fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf fyrir áhöld sín, fjarlægja þaðan allt óviðkomandi fólk og taka í sína umsjá muni, sem þjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

9. gr.

Slökkviliðsmenn allir, sem tilkvaddir eru af slökkviliðsstjóra, skulu skyldir að hlýða boðum hans og annarra yfirmanna sinna. Þeir skulu njóta verndar og réttinda opinberra starfsmanna, þá er þeir eru að starfi sínu. Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að eldvörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu vera slysatryggðir við faðingar og störf sín í þágu eldvarna, samkv. ákvæðum laga um slysatryggingu.

Þeir, sem skemma fót sín í þágu eldvarna, eiga rétt á að fá skemmdirnar endurgreiddar úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði, enda séu þau ekki vátryggð gegn eldtjóni í einhverju brunabótafélagi. Skemmdir skal meta, ef ekki næst samkomulag.

III. Um meðferð á eldi, ljósum, eldfimum efnum, eldfæraeftirlit o. fl.

10. gr.

Allir eru skyldir að fara varlega með eldspýtur, eld, ljós, lampa, eldfæri, hvers konar rafmagnsáhöld, eldfim efni og sjálfkveikju efni og annað, sem valdið getur eldsvoða eða stuðlað að því, að hann komi upp. Húsbændur og húsmæður skulu hafa eftirlit með, að börn þeirra, heimilisfólk eða aðrir, sem í þeirra þjónustu fást við einhver störf í húsinu, hegði sér svo í þessu efni, að eigi verði að fundið. Í leiguhúsi skal eigandinn eða umráðamaður hans hafa gætur á því, að leigjendur hans og aðrir, sem búa í húsinu, vanræki ekki það, sem grein þessi skipar fyrir

um, og skulu þeir, eftir því sem unnt er, koma í veg fyrir það og hindra. Sérstaklega ber að gæta hinnar ýtrustu varúðar um meðferð kertaljósa á jólatrjám og ljósa eða elds í kringum þau.

Það er með öllu bannað:

1. Að leggja eldfima hluti, svo sem hamp, hey, fatnað og annað því um líkt, við eldstæði eða upp við reykháfa og reykþípur.
2. Að bera kerti að lampa, sem kveikt hefur verið á og eigi er byrgður í öruggu ljóskeri, glæður eða annan eld, nema í lokuðum járnkassa, um fjós, fjárhús, hesthús, heyhlöður, vinnustöðvar, eða um aðra staði, þar sem mikið er fyrir- liggjandi af heyi, hefilspónum eða öðrum eldfimum efnum. Enn fremur að reykja tóbak eða kasta þar frá sér logandi eldspýtu, vindli eða vindlingi með glóð. Sérstaka aðgæzlu skal hafa þar, sem geymdar eru bifreiðar eða aðrar vélar, sem nota benzín eða annað eldfimt efni.
3. Að nota benzín innanhúss til þvotta eða til að hreinsa fatnað, nema smá- skammta úr lyfjabúðum.
4. Að hella steinolíu eða benzíni í eldstæði, sem eldur eða eldglæður eru í.
5. Að geyma í húsum ösku og annan úrgang frá eldstæðum. Allan slíkan úrgang skal jafnóðum bera út og geyma þannig, að fyrirbyggð sé öll hættu á, að í því kvikni.
6. Að hleypa af skotvopnum nálægt húsum, heyhlöðum, móhlöðum eða öðru jafneldfimu.
7. Að kveikja skotelda og tendra bál, blys eða bikhringa, nema með leyfi lög- reglustjóra, og er þá skylt að fara eftir reglum þeim, er hann setur.
8. Að láta kertaljós eða lampaljós standa í gluggum eða nærri súð eða lofti.

11. gr.

Bannað er að halda opinberar jólatréssamkomur, nema leyfi lögreglustjóra eða hreppstjóra komi til. Má ekki halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, meðal annars um útbúnað dýra, stiga og annarra skilyrða til útgöngu.

Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum yfirumsjónarmanns með brunavörnum, sett ákvæði um varúðarráðstafanir gegn eldsvoða, einkum þar, sem sérstök eldhætta er, svo sem í leikhúsum, kvikmyndahúsum, samkomuhúsum, á opinberum jólatréssamkomum og þar, sem jólatré með kertaljósum eru notuð, hvort sem er á samkomum eða í heimahúsum. Í reglugerð þessari má ákveða, að sérstakt eftirlit á kostnað eiganda eða þess, er samkomurnar heldur, skuli haft með opinberum leiksýningum og jólatrésskemmtunum að því er tekur til eldhættu. Í reglugerðinni má setja nánari reglur um útbúnað dýra og önnur skilyrði til útgöngu úr leikhúsum og samkomuhúsum, ef eldsvoða ber að höndum. Ber þá að taka sérstakt tillit til þess, hvort húsin sjálf eru úr timbri eða úr óeldfimu efni.

12. gr.

Sérhver húseigandi ber ábyrgð á því, að öllum eldstæðum, ofnum, hvort heldur hitaðir eru með kolum eða olíu, reykháfum og reykþípum sé haldið í tilhlýðilegu standi.

Hvers konar raflagnir, rafbúnaður, raftæki og rafvélar utanhúss og innan skal fullnægja gildandi lögum um raforkuvirki á hverjum tíma svo og reglugerðum og ákvæðum, sem rafmagnseftirlit ríkisins setur um tilhögun, gerð, frágang, viðhald og meðferð þeirra.

Leiguliði er meðábyrgur ásamt eigandanum, þegar hann hefur ekki í tæka tíð skýrt eigandanum frá einhverjum annmarka, sem honum er kunnugt um, eða byggingarnefnd, ef nauðsyn krefur.

13. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skipa sólara og eftirlitsmann með eldfærum eftir tillögum brunamálanefndar.

Reykháfa skal hreinsa svo oft sem þörf gerist og eigi sjaldnar en 3 sinnum á ári, ef þeir eru notaðir að staðaldri.

Um framkvæmd starfsins svo og gjöld fyrir það, er húseigendur greiði, skal setja nánari ákvæði í reglugerð. Gjöldin má taka lögtaki.

Eldfæraeftirlit skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári. Skal rannsaka öll eldstæði, reykháfa og reykþúpur, hvort það fullnægi ákvæðum laga þessara um gerð og hreinsun, hirðu og umgengni. Jafnframt skal rannsakað, hvort slökkvili-áhöld þau, er húsum eiga að fylgja, eru fyrir hendi og í gildu ástandi. Eftirlitsmenn skulu halda skrár um skoðanirnar og tilgreina þar við hverja skoðun, hvort allt er eins og vera ber, eða hvort því er áfátt. Leiði skoðunin í ljós, að einhverju sé ábótavant, skal eftirlitsmaður heimta, að það sé lagfært þegar í stað, ef bein brunahætta stafar af því, ella innan ákveðins tíma. Skal hann síðan rannsaka, hvort skipuninni hefur verið fylgt. Hafi það eigi verið gert, skal hann tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra.

Hver sá, er óhlýðnast fyrir mælum skoðunarmanns eldfæra um að lagfæra það, sem ábótavant er, skal sæta sektum samkv. 52. gr. Auk þess er hann skyldur að viðlögðum dagsektum að lagfæra það, sem ábótavant er.

14. gr.

Ofna og eldavélar og þúpur frá þeim til reykháfa skal hreinsa svo oft sem þörf er á, og er það á ábyrgð þeirra, sem búa í þeim herbergjum, sem ofnarnir eða eldavélar eru í.

15. gr.

Eigi má geyma birgðir af kolum, mó eða öðru eldsneyti fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir nefndin því aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldhætta að marki.

Innanhúss má geyma smáskanmta af heimilisbirgðum, fjarri eldstæðum, þar sem ekki er íkveikjuhætta. Á sama hátt má geyma innanhúss allt að 200 litra af steinolíu í tré- eða járnumbúðum.

Bannað er að geyma í heimahúsum sprengiefni af nokkru lagi, svo sem púður, flugelda o. fl. Þó skal þeim, er verzla með þessi efni, heimilt að geyma smáskammta innanhúss, enda samþykki slökkviliðsstjóri geymslustað og umbúnað.

16. gr.

Eigi má hafa birgðir af timbri, kolum, steinolíu, benzíni eða slíkum eldfimum vörum nema þar, sem eigi getur stafað af þeim sérstök brunahætta og brunamálanefnd eða slökkviliðsstjóri í umboði hennar samþykkir.

Tómar steinolíu- eða benzíntunnur má eigi geyma eða láta liggja við hús eða á almannaferi.

Í reglugerð skal ákveða nánar um meðferð og geymslu eldfimra efna.

17. gr.

Allar verksmiðjur, þar með taldar vinnustofur trésmiða og járnsmiða, þvottahús og fatahreinsunarstöðvar og bökunarhús, skulu háð sérstöku eftirliti lögreglustjóra eða hreppstjóra, og skal öllum skylt að fylgja bæði hinum almennu varúðarreglum og hinum sérstöku reglum, sem bæjarstjórn eða hreppsnefnd álitur nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir brunahættu. Sérstaklega skulu spænir úr trésmiðahúsum fluttir burt á hverjum degi og látnir þar, sem eigi er farið með eld eða ljós.

18. gr.

Öllum er skylt að gæta fyllstu varúðar með eld og eldfim efni, hvar sem er á viðavangi, sérstaklega þar, sem hætt er við ikveikju í þurrum mosa eða öðrum gróðri. Ef eldur kemur upp í gróðri á viðavangi, sem hætt er við, að breiðist út, skal sýslumaður eða hreppstjóri, ef þeim er kunnugt um eldinn, svo fljótt sem við verður komið gera ráðstafanir til að slökkva eldinn eða hindra frekari útbreiðslu hans. Skal það vera borgaraleg skylda hvers verkfærs manns, er sýslumaður eða hreppstjóri kveður til, að koma til aðstoðar. Allan kostnað við eldvarnarstarfið skal greiða úr sýslusjóði. Skylt er hverjum þeim, er verður slíks bruna var, að gera þær varúðar-ráðstafanir, er færar eru, svo og að gera sýslumanni eða hreppstjóra aðvart, eftir því sem við verður komið eða þurfa þykir.

IV. Um meðferð sprengiefna.

19. gr.

Engum er heimilt að búa til púður eða sprengiefni, nema hann hafi þar til leyfi ráðherra, sem þá setur jafnframt skilyrði til öryggis almennings og þeim, er að slíkri framleiðslu vinna.

20. gr.

Hver sá, sem flytur inn púður eða sprengiefni, skal hafa til þess leyfi lögreglustjóra, og er skylt að skýra frá efnasamsetningu þess, ef óskað er. Ef sprengiefnið þykir sérstaklega háskalegt í meðförum, má banna innflutning þess.

21. gr.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um geymslu, meðferð og flutning púðurs og sprengiefna.

V. Um skyldur borgaranna, er eldsvoði kemur upp.

22. gr.

Skylt er hverjum, sem verður var við, að eldsvoði sé að koma upp, að hefja viðvönarkall og gera slökkviliðinu aðvart á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt. Vegfarendur skulu vikja úr vegi fyrir slökkviliðinu og stöðva ökutæki sín. Bifreiðastjórum er skylt að aka slökkviliðsmanni á brunastað gegn venjulegu gjaldi.

23. gr.

Hver og einn skal, þá er eldur kemur upp í húsi hans eða híbýlum, þegar í stað aðvara þá, sem þar búa, einnig reyna með öllu móti, sem í hans valdi stendur, að slökkva eldinn þegar í stað. Samt má eigi fyrir þá sök láta hjá liða að segja til um brunann, eins og mælt er fyrir í næstu grein á undan.

24. gr.

Sérhver er skyldur til, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð með slökkvivelar og önnur áhöld og láta sér það lynda, að brotið verði niður og því rutt burt, sem til fyrirstöðu er. Ekki getur húseigandi bannað, að bygging, sem hann á, verði rifin, ef lögreglustjóri eða slökkviliðsstjóri álitur það nauðsynlegt til þess að stöðva útbreiðslu eldsins.

Slökkviliðið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld bæjarbúa, sem til næst og að gagni geta komið við slökkvistarfið.

25. gr.

Þær skemmdir, sem hljótast af ráðstöfunum þeim, sem getið er um í 24. gr., teljast brunaskemmdir. Sá, sem vill krefjast skaðabóta fyrir slíkar skemmdir, skal

svo fljótt sem auðið er og í síðasta lagi innan 8 daga frá því er bruninn varð, bera fram kröfur sínar fyrir lögreglustjóra, sem því næst sér um, að upphæð skaðabótanna verði ákveðin, að svo miklu leyti sem unnt er, í sambandi við virðingargerðir þær, sem fram fara til þess að meta brunatjónið til endurgjalds frá hlutaðeigandi ábyrgðarfélagi, og að öðrum kosti með því að láta 2 menn, sem sérstaklega þar til verða kvaddir, meta skaðann. Þóknun til matsmanna skal ákveða í reglugerð og greiðist, eins og aðrar brunaskemmdir, af hlutaðeigandi ábyrgðarfélagi. Sé tjón þetta þess eðlis, að það verði ekki hætt af váttryggingarfélagum, skal sveitarsjóður bæta tjónið eftir samkomulagi eða sanikvæmt mati.

26. gr.

Það er skylda allra, þegar eldsvoða ber að höndum, að láta þá aðstoð í té til að slökkva eldinn, sem mögulegt er, eða bjarga úr eldi, hvort sem er með því að leggja sjálfur hönd á verkið eða með því að láta af hendi vatnsforða eða afnot vatnsveitu, slökkvitæki, hesta, vagna, bifreiðar eða aðra hluti. Skal koma fyrir greiðsla úr bæjar-sjóði eða sveitarsjóði. Náist ekki samkomulag, skal ákveða greiðsluna á sama hátt og mælt er fyrir í 25. gr.

27. gr.

Enginn má, þegar eldsvoða ber að höndum, undir nokkru yfirskini ryðjast inn fyrir verði þá, sem settir eru til þess að bægja óviðkomandi mönnum frá þeim stað, þar sem bruninn er, eða skorast undan að hlýða fyrirmælum lögreglustjórnarinnar eða slökkviliðsstjóra um að vikja burtu af svæði því, sem þannig er innibyrgt. Hvern þann, sem verður brotlegur gegn þessum fyrirmælum, má þegar taka fastan.

28. gr.

Við björgun muna úr eldi er skylt að gæta allrar nauðsynlegrar varúðar, sem við verður komið, til þess að forðast skemmdir.

29. gr.

Eigandi eða sá, sem kemur fram í hans stað, skal skyldur að hafa nákvæmt eftirlit með húsum þeim, sem eru svo skammt frá brunanum, að hætt er við, að eldurinn læsi sig í þau eða neistaflug nái til. Skal hann og gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir, að kvikni í húsunum, og sömuleiðis í tæka tíð skýra slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra frá, ef þess er kostur, að hætta vofi yfir.

30. gr.

Enginn má meina lögreglustjóra eða þeim, er kemur fram í umboði hans, hreppsnefndar eða bæjarstjórnar eða hlutaðeigandi váttryggingarfélags, inngöngu á lóð sína eða í hús sitt, þegar þeir koma til þess að halda rannsókn út af bruna eða til þess að sjá um, að því verði fylgt, sem fyrirskipað er í lögum þessum.

VI. Um brunavarnir.

31. gr.

Í öllum kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, sbr. 2. gr., skulu vera til hæfileg slökkviáhöld og tæki til björgunar úr eldi, svo og til að kalla saman slökkviliðið, miðuð við stærð hvers eins og brunahættu.

Þar, sem eru til vatnsveitur nothæfar til eldvarna, skulu þær svo búnar, að komið geti að sem beztum notum, ella skal skylt að tryggja sem bezt vatn til að slökkva eld, með brunnum, vatnsþróm, uppistöðum í lækjum o. s. frv.

Slökkviáhöld skal geyma á hentugum stað, í eldtraustum húsakynnum, eftir því sem við verður komið.

32. gr.

Í öllum skólum, sjúkrahúsum, gistihúsum, veitingahúsum og samkomuhúsum, svo og verksmiðjum og öðrum húsum, þar sem margt manna kemur saman eða þar sem sérstök brunahætta er, svo og á efri hæðum húsa, sem hærrí eru en tvær hæðir, skal koma fyrir tækjum til brunavarna og björgunar úr eldi, eftir því sem fyrir er lagt af yfirumsjón brunavarna, svo og gera aðrar varúðarráðstafanir, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

33. gr.

Slökkviliðsstjóri hefur heimild til að veita aðstoð til að slökkva eld utan eigin bæjar- eða sveitarfélaga, ef hann telur áhættulítið að fara með slökkvitækin út fyrir umdæmi sitt. Kostnaður við slíka aðstoð, eftir sanngjörnum reikningi, telst til brunavarnakostnaðar í því sveitarfélagi, sem aðstoðina þiggur. Verði ágreiningur um kostnað, skal hlutaðeigandi dómari fella úrskurð um reikninginn.

VII. Tilkygning um eldsvoða og um réttarrannsókn.

34. gr.

Sá, er verður fyrir brunatjóni, eða sé hann ekki viðstaddur, þá sá, er kemur í hans stað, er skyldur að tilkynna brunann hlutaðeigandi váttryggingarfélagi eða umboðsmanni þess á staðnum, svo og lögreglustjóra eða hreppstjóra, svo fljótt sem unnt er.

35. gr.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri skal, svo fljótt sem við verður komið, halda réttarrannsókn út af brunanum, til þess að komast fyrir orsök hans og atvik öll. Skal hún haldin á brunastaðnum, ef við verður komið. Réttarrannsókn má þó falla niður, ef brunatjónið nemur ekki 500 krónum og ef eldsupptökin eru kunn, en þá skal tjónþoli, eða hafi hann ekki verið viðstaddur, einhver annar í hans stað, gefa, að viðlögðu drengskaparvottorði, nákvæma skýrslu um upptök eldsins og atvik öll, svo og um brunatjónið.

36. gr.

Við réttarrannsókn skal leita vitnisburðar allra, sem um upptök og framhald eldsins geta borið. Skal eftir föngum leita fulls samræmis í framburði hinna einstöku vitna og á milli vitna innbyrðis, ef á milli ber. Einnig skal leita upplýsinga um ástand eldfæra og raflagna, um daglegar venjur í umgengni með eld, eldstæði, eldfim efni, sprengiefni og sjálfkveikju efni og yfir höfuð allt, sem getur orðið til að upplýsa orsök brunans og brunatjónið sjálft.

37. gr.

Nú kemur í ljós við réttarrannsókn, að sýnt hefur verið óleyfilegt hirðuleysi um atriði, sem skylt er að gæta eða eru hönnuð í lögum þessum, og skal viðkomandi þá látinn sæta ábyrgð, eftir því sem málefni þykja standa til.

38. gr.

Sé eða komi fram við rannsóknina nokkur grunur um, að um vísitandi ikveikju sé að ræða, skal leita sérstaklega náinna upplýsinga um allt það, sem að því lýtur.

39. gr.

Afrit af brunaprófum er skylt að senda hlutaðeigandi váttryggingarfélagi.

VIII. Um gerð húsa með tilliti til brunavarna.

40. gr.

Þá er nýtt hús er reist, hvort heldur á sérstakri lóð eða þar, sem fleiri hús en eitt standa á sömu lóð, skulu vera auð bil milli þess og annarra húsa sem hér segir:

- a. 12.5 m, ef bæði húsin eru úr timbri og ekki varin með jární eða múrhúð.
- b. 9.5 m, ef annað húsið er úr steinsteypu, steini lögðum í sementsblöndu, torfi eða úr timbri, varið með jární eða múrhúð, en hitt úr timbri óvarið.
- c. 6.3 m, ef bæði húsin eru úr steinsteypu, steini lögðum í sementsblöndu eða úr timbri, varin með jární eða múrhúð.
- d. 3.15 m, ef eldvarnarveggur er á öðru húsanna, sem fullnægir ákvæðum í e-lið, enda séu þök beggja húsa varin með jární, öðrum málmí, steinhellum eða öðru ámóta eldtraustu efni.
- e. Hús mega vera sambyggð, ef milli þeirra er eldvarnarveggur, að minnsta kosti 20 cm þykkur úr steinsteypu eða 30 cm úr steini lögðum í sementsblöndu og að minnsta kosti 30 cm hærri en þakbrún hærra hússins. Engin op mega vera á eldvarnarvegg né heldur neitt timbur eða annað eldfimt efni liggja inn í hann.
- f. Nú er hús að nokkru leyti úr steinsteypu, steini lögðum í sement, torfi eða timbri óvörðu, og má þá enginn hluti þess vera nær öðru húsi en svo, að fullnægi þeim fjarlægðarákvæðum, er að framan greinir.

41. gr.

Þar, sem fjarlægð milli húsa, er lög þessi ganga í gildi, er minni en greinir í 40. gr., skal það heimilt, en þegar hús er endurreist eða nýtt hús reist, skal fylgja greindum ákvæðum.

42. gr.

Bæjarstjórnnum eða hreppsnefndum er heimilt að setja sérstök skilyrði um fjarlægð þeirra húsa frá nágrannalóð og ráðstafanir gegn brunahættu, þar sem rekinn er iðnaður eða önnur atvinna, sem sérstök brunahætta stafar af. Úrskurði bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um þetta atriði má skjóta til ráðuneytisins til úrslita.

43. gr.

Í smiðjum og vinnustofum, þar sem eldstæði er eða farið er með eld, skulu veggir vera úr steinsteypu eða steini eða eldvarðir með asbestplötum, sementshúð eða öðru eldtraustu efni, ef þeir eru úr tré. Sama gildir um loft, séu þau ekki úr steinsteypu. Gólf skulu vera úr steinsteypu.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá þessu, ef smiðja eða vinnustofa er sérstakt hús eða er í húsi, þar sem eigi er íbúð né önnur eldstæði og eigi eru geymd eldfim efni, enda verði ekki talið, að öðrum húsum stafi brunahætta af.

Setja skal í reglugerð ákvæði um gerð, fyrirkomulag og umgengni í bifreiðaskýlum og bifreiðaverkstæðum, svo og öðrum vinnustofum, verksmiðjum og vörugeymsluhúsum.

44. gr.

Herbergi, sem geyma á í hey, hálm eða önnur eldfim efni, skulu aðgreind frá öðrum herbergjum þeim, er eldstæði eru í, með gólfi, veggjum og lofti, er að gerð fullnægi ákvæðum 43. gr. Dyr eða op mega ekki vera að slíkum herbergjum frá smiðjum eða vinnustofum, þar sem eldstæði eru.

45. gr.

Ráðuneytið setur í reglugerð ákvæði um umbúnað eldfæra, fjarlægð þeirra frá eldfimu gólfi og vegg, svo og annað, er nauðsynlegt þykir til öryggis.

46. gr.

Allir reykháfar skulu vera úr eldtraustu efni og standa á eldtraustri fastri undirstöðu.

Hliðar reykháfs skulu að minnsta kosti vera 12 cm á þykkt og vídd hans að inn-annáli eigi minni en 23 cm á hvern veg. Þó má leyfa 18 cm vídd, ef eldstæði eru ekki fleiri en þrjú.

Reykháfur skal ná að minnsta kosti 65 cm upp fyrir húsmæni.

Ekki má þilja reykháf eða klæða hann eldfimu efni.

Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópop, jafnvíð reykháflum, og traust járnhurð fyrir í járnunggerð.

Ekki má reykháfur vera í herbergi, þar sem geymt er hey eða ámóta eldfim efni, nema þiljað sé allt í kringum reykháfinn í því herbergi, að minnsta kosti 65 cm frá honum á hvern veg, svo að engin eldfim efni nái að komast að reykháflum.

Ráðuneytið setur í reglugerð önnur ákvæði um gerð reykháfa og búnað, svo sem, þar sem hann er gegnum timburgólf, um styrkleik hans, um sérstaka hæð reykháfs, sem mikill reykur fer um, og fleira, er þurfa þykir.

47. gr.

Aðaldyr á samkomusölum og samkomuhúsum skulu vera minnst 1.5 m. breiðar. Hurðir skulu vera vængjahurðir, sem opnast út eða geti opnast bæði út og inn.

Úr hverjum samkomusal skulu vera minnst 2 útgöngudyr, sín á hvorum vegg og svo langt á milli sem við verður komið.

48. gr.

Í húsum, þar sem íbúð er hærra en á 2. hæð, skulu vera minnst 2 stigar. Neðan á timburstiga upp á hæð, þar sem eru íbúðarherbergi, skal jafnan klæða með eldtraustu efni, svo sem asbestplötum, sementshúð á vírneti eða þvílíku.

49. gr.

Timburhús má ekki reisa stærra en 200 fermetra, né hærri en 2 hæðir með risi.

50. gr.

Ráðuneytið getur, ef bæjarstjórn eða hreppsnefnd og Brunabótafélag Íslands mælir með, veitt undanþágu frá ákvæðum 40—49. gr., ef sérstök nauðsyn þykir og eigi verður álitnið, að aukin brunahætta stafi af.

IX. Sektir o. fl.

51. gr.

Ráðuneytið getur sett í reglugerð ákvæði, er þurfa þykir, til þess að auka öryggi gegn eldsvoða.

52. gr.

Brjótí nokkur gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, er settar verða samkvæmt þeim, skal hann sæta sektum 50—10000 kr., nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Þar að auki má knýja þann, er brýtur gegn 40.—51. gr., með dagsektum til þess að bæta það, sem ábótavant er, svo að fullnægi þargreindum ákvæðum.

Hver sá, sem brýtur ákvæði 10.—21. gr. eða reglugerðar, sem sett kann að verða samkvæmt þeim, skal sæta sektum, jafnvel þótt ekkert tjón hafi af brotinu hlotizt.

Hafi sá, er hús lætur reisa, falið framkvæmdina smiðum, einum eða fleiri, bera þeir ábyrgðina, nema þeir hafi brotið ákvæði þessi beinlínis eftir skipun hans.

53. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum renna í bæjar- eða sveitar-sjóð, þar sem brotið er framið.

54. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lög-reglumál.

55. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld eftirfarandi lög:

Lög nr. 28 8. nóv. 1883, um að stofna slökkvilið á Ísafirði.

Lög nr. 28 13. sept. 1901, um að stofna slökkvilið á Seyðisfirði.

Lög nr. 29 13. sept. 1901, um skipun sólara í kaupstöðum öðrum en Reykjavík.

Lög nr. 42 20. okt. 1905, um að stofna slökkvilið á Akureyri.

Lög nr. 85 22. nóv. 1907, um brunamál.

Lög nr. 27 9. júlí 1909, um að stofna slökkvilið í Hafnarfirði.

Lög nr. 17 15. júní 1926, um breyting á l. nr. 28 8. nóv. 1883, um að stofna slökkvilið á Ísafirði.

Lög nr. 27 14. júní 1929, um breyting á lögum um brunamál, nr. 85 22. nóv. 1907.

Lög nr. 93 23. júní 1936, um viðauka við lög nr. 85 22. nóv. 1907, um brunamál.

Lög nr. 28 12. febrúar 1945, um brunamál í Reykjavík.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni félagsmálaráðuneytisins, og hafa nefndarmenn óbundið atkvæði um einstök atriði.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Núgildandi lög um brunamál eru frá 1907 og því eðlilegt, að þau séu orðin mjög ófullnægjandi. Gerð húsa, byggingarlag og efni er mjög með öðrum hætti en þá var. Kröfur til öryggis eru meiri og eins tæki og aðferðir til brunavarna.

Þykir því nauðsynlegt, að sett verði ný lög um brunamál. Hefur í frumv. því, sem hér liggur fyrir og samið er að mestu leyti af vegamálastjóra, sem er verkfræðilegur ráðunautur Brunabótafélags Íslands, verið miðað við þessi nýju viðhorf og jafnframt höfð hliðsjón af svipaðri löggjöf á Norðurlöndum.

Í kaupstöðunum Hafnarfirði, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði hafa lengi gilt sérstök lög í hverjum þeirra um stofnun slökkviliðs, svo og sérstök lög frá 1901 um skipun sólara í kaupstöðum öðrum en Reykjavík. Þykir sjálfsagt, að öll þessi lög verði felld úr gildi, svo sem gert er í 55. gr. frumvarpsins.

Í Reykjavík gilda nú lög nr. 28 12. febr. 1945 um brunamál. Í frumvarpið hafa verið tekin upp öll ákvæði þeirra laga, og þykir þá rétt að fella þau lög einnig úr gildi, sbr. 55. gr. frv., enda eðlilegt, að ein heildarlög gildi um brunamál, en ekki sérlög fyrir Reykjavík.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

I. Stjórn brunamála.

Við 1. gr.

Brunamálin eru hér lögfest undir það ráðuneyti, sem fer með tryggingamál.

Í 2. mgr. er tekið upp ákvæði það, er felst í lögum nr. 27 14. júní 1929, um breyting á lögum um brunamál, nr. 85 22. nóv. 1907, um skipun sérstaks manns til að hafa yfirumsjón með, að lögunum sé hlýtt. Síðan 1929 hefur vegamálastjóri haft starf þetta á hendi.

Við 2. gr.

Í núgildandi lögum eru ýmis ákvæði þeirra bundin við 300 íbúa lágmark í kaupúni, en hér er það fært niður í 200 íbúa, eins og er í skipulagslögunum.

Við 3.—5. gr.

Hér eru ákvæði um skyldur sveitarstjórnar og um skipun og verksvið brunamálanefndar.

II. Um slökkvilið.

Við 6.—9. gr.

Flest ákvæðin eru ný eða breytt frá því, sem nú er. Þegnskylda slökkviliðsmanna er nú bundin við 20—60 ára aldur, en í frv. 18—55 ára.

III. Um meðferð á eldi, ljósum, eldfimum efnum, eldfæraeftirlit o. fl.

Við 10. gr.

Rétt þykir að gera ýtarlega grein fyrir því, sem sérstaklega er lögð áherzla á að banna að því er snertir óvarlega meðferð á eldi eða eldfimum efnum, svo og hverjir aðilar skuli bera ábyrgð, ef meðferð er óvarleg.

Við 11. gr.

Greinin er nær samhljóða nógildandi ákvæðum hér um í 2. gr. l. nr. 93 23. júní 1936. 1. gr. þeirra laga er felld inn aftast í 1. mgr. 10. gr. í frv.

Við 12.—14. gr.

Ákvæði um hreinsun eldfæra og reykháfa eru í frv. ýtarlegri og strangari en í nógildandi lögum, en þó ekki í verulegum atriðum breytt frá því, sem sett hefur verið í reglugerðum á síðustu árum. Ný ákvæði eru sett um öryggi raftækja og raflagna.

Við 15.—16. gr.

Hér eru ákvæði um geymslu heimilis- og verzlunarbírgða af eldsneyti og eldfimum efnum. Þykir réttara að marka í lögnum aðalstefnuna, en setja nákvæmari fyrirmæli í reglugerð.

Við 17. gr.

Greinin er lítt breytt frá 20. gr. laga um brunamál.

Við 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru ný og eru sett vegna þess, að nokkuð oft kemur fyrir, að kviknar í mosa eða gróðri á viðavangi.

IV. Um meðferð sprengiefna.

Við 19.—21. gr.

Greinar þessar eru að efni til svipaðar og 18. gr. brunamála. Ákvæðið í 19. gr. um ráðherraleyfi til þess að húa til sprengiefni er þó nýtt. Hentugt þykir að gera ráð fyrir, að sett verði í reglugerð öll nánari ákvæði um geymslu og meðferð sprengiefna.

V. Um skyldur borgaranna, er eldsvoði kemur upp.

Við 22.—30. gr.

Greinar þessar eru nokkuð breyttar frá 25.—33. gr. laga um brunamál.

VI. Um brunavarnir.

Við 31.—33. gr.

Ákvæði þessara greina eru að mestu nýmæli. Rétt þykir að setja ákvæði um, að vatnsveitur verði búnar tækjum til þess að koma sem best að notum í eldsvoða (31. gr.), svo og um að hæfileg slökkviáhöld og björgunartæki séu til. Að öðru

leyti verða framkvæmdir í þessu efni ákveðnar af sveitarstjórn með ráðum yfir-
umsjónarmanns brunamála.

Nauðsyn þykir að lögskipa sérstakar brunavarnir í húsum, þar sem margt
manna kemur saman (32. gr.). Hefur að visu í mörgum slíkum húsum verið komið
upp sérstökum slökkvitækjum án þess að skylt væri, enda þá stundum fengizt af-
sláttur á iðgjöldum.

Um aðstoð slökkviliðs til nærliggjandi sveitarfélags eru nú engin ákvæði. Í 33.
gr. er þó aðeins veitt heimild til slíkrar aðstoðar.

VII. Tilkygning um eldsvoða og um réttarrannsókn.

Við 34.—39. gr.

Núgildandi ákvæði þessa efnis eru í 36. gr. laga um brunamál og eru mjög
ófullkomin. Eru þessi nýju ákvæði miðuð við reynslu Brunabótafélags Íslands.

VIII. Um gerð húsa með tilliti til brunavarna.

Við 40. gr.

Grein þessi hefur inni að halda svipuð ákvæði og 1. gr. laga um brunamál og
þó vitanlega allmiklu fyllri og mikið breytt.

Við 41. gr.

Svipað ákvæði er í 5. gr. laga um brunamál, en þar er heimiluð undanþága frá
ákvæðum um breidd milli húsa, er hús er endurreist, en hún er hér felld niður.

Við 42. gr.

Almenn ákvæði þessarar greinar eru ný. Þó eru í 23. gr. og 10. gr. laga um
brunamál ákvæði í þessa átt, er snerta sérstakan atvinnurekstur.

Við 43.—44. gr.

Greinar þessar eru svipaðar og 6. og 7. gr. laga um brunamál.

Við 45. gr.

Í 8. gr. laga um brunamál eru ýtarlegar reglur um búnað eldfæra, sem ekki
eiga lengur við. Þykir réttara að ákveða í lögnum, að slíkt ákvæði skuli koma í
reglugerð

Við 46. gr.

Hér eru ákvæði um reykháfa nokkuð breytt frá gildandi ákvæðum í 9. gr. laga
um brunamál.

Við 47.—49. gr.

Ákvæði þessara greina eru nýmæli.

Við 50. gr.

Rétt þykir að heimila ráðuneytinu að veita undanþágu frá ákvæðum 40.—49.
gr., ef sérstakar ástæður eru til.

IX. Sektir o. fl.

Við 51. gr.

Rétt þykir að setja í lög almenna heimild til að setja í reglugerð ákvæði til
öryggis gegn eldsvoða, þar sem síðar geta komið fyrir þau atvik, er geri slíkt nauð-
synlegt, og ekki verða beinlínis séð fyrir nú.

Ákvæði í 52. gr. um dagsektir eru svipuð og 12. gr. laga um brunamál.

Við 52. gr.

Í núgildandi lögum um brunamál eru sektarákvæði í 12., 21. og 35. gr., svo og
í 3. gr. laga nr. 93 23. júní 1936. Í frv. eru þau sett aðeins í þessa grein.

Við 53. og 54. gr.

Samhljóða 37. og 38. gr. núgildandi laga um brunamál.

Við 55. gr.

Hér eru talin öll núgildandi lög um brunamál, sem felld verða úr gildi.